

Valur Sveinsson
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 02. mars 2015
UST201502-495

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu aðalskipulags Fjarðarbyggðar 2007 - 2027, stækkun hafnarsvæðis. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Norðfjarðarhafnar.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðarbyggðar er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu aðalskipulags Fjarðarbyggðar 2007 - 2027, stækkun hafnarsvæðis, og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðfjarðarhafnar.

Lýsing tillögu að breytingu aðalskipulags Fjarðarbyggðar 2007 - 2027, stækkun hafnarsvæðis

Í lýsingu kemur fram að fyrirhugað er að breyta aðalskipulagi og stækka hafnarsvæðið fyrir hafnarstarfsemi á Norðfirði með landfyllingu. Ný landfylling er áætluð um 3,0 ha. Meginmarkmið ofangreindrar breytingar er að geta boðið upp á nýjar lóðir og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi með greiðu aðgengi að hafnarkanti.


Ný landfylling er áformuð norðaustan við núverandi hafnarmannvirki. Áætluð landfylling kæmi til með að vera að mestu leyti á hættusvæði B vegna náttúruvár.


Lýsing tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðfjarðarhafnar

Fram kemur í lýsingu að í núverandi deiliskipulagi hafnarsvæðisins er sýnd kvöð um lagnaleið um lóðina Naustahvamm 67 – 69 og í framhaldi af henna er útrás fyrir skólþ. Einnig kemur fram að þar hefur mælst gerlamengun og að þar er gert ráð fyrir hreinsi- og dælustöð fyrir skólþ. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í greinargerð hvernig áætlanir eru fyrir hreinsi- og dælustöð, og að markmið varðandi lausnir á fráveitu séu tímasettar.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir það að áætlaðar framkvæmdir falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir því efni sem nýta á í ofangreinda landfyllingu og þeim efnisnámmum sem taka á efni úr.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur